

Nefndarsvið Alþingis  
Alsherjar- og menntamálanefnd  
101 Reykjavík

Reykjavík, 26.maí 2021

**Efni: Umsögn um breytingu á lögum um happdrætti Háskóla Íslands og lögum um happdrætti (bann við spilakössum), þingskjal 1086 — 629. mál.**

Embætti landlæknis þakkar veitt tækifæri á að veita umsögn um málið sem snýr að því að lagt til að rekstur spilakassa verði með öllu bannaður.

Embættið styður bann við spilakössum.

Erlendar rannsóknir á spilafíkn sýna að þátttaka í spilakössum sé sú tegund fjárhættuspila sem tengist helst spilafíkn. Ástæðan fyrir því er að hver leikur tekur mjög stuttan tíma frá því að stutt er á hnappinn og niðurstaðan er fengin. Tíðni endurgjafar í formi vinnings, sem oftast er smávinn- ingur, er mikil og fólk upplifir að það hafi stjórn á leiknum sem er tálsýn þar sem niðurstaðan er ávallt tilviljunum háð. Í sumum spilakössum er möguleiki að geta notað stopp-takka sem ýtir undir þessa ályktunarvillu spilarans um að hann hafi stjórn á leiknum því niðurstaða leiksins var í raun ákveðin. Vegna þessarra eiginleika spilakassa tengjist notkun þeirra sterkt spilafíkn t.d. voru um 90% af þeim sem leituðu til hjálpastöðva um spilavanda í Noregi fólk sem spilaði í spilakössum. Spilakassar voru bannaðir í Noregi 1 júlí 2007.

Samkvæmt sænskri rannsókn kemur um 70% af veltunni frá spilakössum frá fólki með spilavanda (Swelogs)

Virðingarfyllst,

Sveinbjörn Kristjánsson  
Sérfæðingur á lýðheilsusviði embætti landlæknis